

**Ed.**

### **67. Frumvarp til laga**

um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

Flm.: Pétur Magnússon, Bernharð Stefánsson.

**1. gr.**

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1940 veitist Agli Árnasyni, kaupmanni í Reykjavík, einkaleyfi til þess að flytja út úr landinu og selja á erlendum markaði hrafntinnu og aðrar svipaðar bergtegundir, sem notaðar eru til þess að húða með steinbyggingar.

**2. gr.**

Einkaleyfishafa ber að greiða til ríkissjóðs þrjár krónur í útflutningsgjald af hverri smálest ofannefndra bergtegunda, sem hann kann að flytja út.

**3. gr.**

Meðan leyfistíminn stendur er öllum öðrum óheimilt að flytja út vöru þá, er einkaleyfið nær til. Brot gegn því ákvæði varðar sektum frá 500—5000 kr.

**4. gr.**

Verði útflutningur sérleyfishafa, að liðnu þessu ári, minni en 100 smálestir á ári, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Greinargerð.**

Frv. samhljóða þessu var flutt á þingi 1935, og visast til greinargerðar fyrir því.